

Nd.

243. Breytingartillögur

[145. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GSig, GGS, HBl, IG).

1. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Ráðuneytið getur þó ákveðið að skip, sem loðnuveiðar stunda, skuli aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki.
2. Við 9. gr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:
Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
 - A. Í tíu daga um páskahelgi í mars 1986 og í apríl 1987. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.
Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
 - B. Frá og með 15. desember 1986 til og með 15. janúar 1987 og frá og með 15. desember 1987 til og með 31. desember 1987.
3. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
Óheimilt er að færa aflamark af skipi sem ekki hefur verið haldið til veiða næstliðið almanaksár.
4. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og gilda til 31. desember 1987. Þó skal 2. mgr. 13. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. febrúar 1986 og skulu gilda til þess tíma ákvæði 12. gr. þessara laga um framsal aflamarks skipa sem eigendaskipti verða á, eftir því sem við getur átt. Jafnframt eru á gildistíma laga þessara felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, **II**, er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara er heimilt að veita skipum, sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum.